

Nd. 145. Frumvarp til laga [112. mál]

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Sverrir Júlíusson, Ágúst Þorvaldsson, Pétur Sigurðsson, Björn Pálsson, Sigurður Ingimundarson.

1. gr.

Á eftir 8. gr. komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar Íslands og Fiskifélags Íslands skal ráðherra heimilt með reglugerð að veita bátum allt að 200 brúttórúmllestir að stærð leyfi til togveiða á tímabilinu frá 1. janúar til 30. apríl 1969 innan fiskveiðilandhelginnar þannig: Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin yrði réttvisandi í norður frá Horni (grunnlínupunktur nr. 1), og að austan af línu, sem dregin yrði réttvisandi í norður frá Rauðanúp (grunnlínupunktur nr. 6), allt að 4 sjómílum frá grunnlínupunktum, sem í gildi voru til 1. sept. 1958. Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin yrði réttvisandi í vestur frá Garðsskaga, og að austan af línu, sem dregin yrði réttvisandi í suður frá Stokksnesi (grunnlínupunktur nr. 19), allt að þrem sjómílum frá strandlengju. Hrygningarsvæði sildar og önnur svæði, sem Hafrannsóknastofnunin telur nauðsynlegt að vernda, skulu friðuð fyrir botnvörpu þann tíma, sem nauðsynlegt er talið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir liggur, að veiðar vélbáta með botnvörpu hafa stöðvazt, og hefur það þegar valdið atvinnusamdrætti í nokkrum byggðarlögum. Er þess vart að vænta, að bátarnir hefji veiðar aftur, nema til komi auknar veiðiheimildir þeim til handa innan fiskveiðilandhelginnar.

Með bréfi, dags. 2. okt. s. l., skipaði sjávarútvegsmálaráðherra nefnd fimm þingmanna til þess að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um fiskveiðar í fiskveiðilandhelginni. Segir m. a. í skipunarbréfi nefndinni til handa:

„Tillögurnar eiga að miðast við sem bezta hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar fyrir sjávarútveginn í heild og einstök útgerðarsvæði, og skulu þær ná til allra skipastærða og veiðiaðferða.“

Athugun á auknum heimildum til veiða með botnvörpu innan fiskveiðilandhelginnar hlýtur að vera eitt af verkefnum nefndarinnar. En verkefni hennar í heild er það viðamikilið, að vart er þess að vænta, að hún geti skilað álitum fyrir en nokkru eftir áramót. Hins vegar er það ljóst, að rekstur hinna smærri vélbáta, sem togveiðar hafa stundað, þolir ekki, að beðið sé eftir heildarathugun og niðurstöðum á hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar.

Flm. leggja því til, að undinn verði bráður bugur að því að losa hina smærri báta, sem þessar veiðar stunda, úr þeirri sjálfheldu, sem þeir eru nú í, á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, þar sem útilokað verður að teljast, að þeir treysti sér til að hefja veiðar á ný, nema til komi verulega auknar heimildir til togveiða innan fiskveiðimarkanna.

Hvaða þýðingu togveiðarnar hafa til hráfnisöflunar fiskvinnslustöðvunum til handa, sýna gleggst skýrslur Fiskifélags Íslands. En samkvæmt þeim stunduðu 103 bátar þessar veiðar á síðustu vetrarvertíð og 142 bátar s. l. sumar. Samanlagður afli þessara báta var nálægt 60 þúsund smálestum. Er hér um mjög gott og fjölbreyti-legt hráefni að ræða, og auk þess er öflun þess ódýrari en með flestum öðrum veiðarfærum, að handfærum undanskildum. Hniga því öll rök að því, að eðlilegt sé, að botnvörpuveiðum verði haldið áfram til hráfnisöflunar fyrir fiskiðnaðinn. Veigamestu rökin eru þó sú staðreynd, að á aðalveiðisvæðunum, bæði fyrir Suður- og Norðurlandi, verða bátar ekki gerðir út yfir sumartímann með neinum árangri nema á botnvörpuveiðar. En til þess að þeir verði gerðir út með eðlilegum hætti á þessar veiðar, er óhjákvæmilegt, að þeim verði veittar auknar veiðiheimildir frá því, sem nú er.

Fyrir atvinnulífið í mörgum sjávarplássum viðs vegar kringum land er það undirstöðuatriði, að rekstrargrundvöllur þeirra báta, sem þar eru og ekki hafa aðstöðu til að stunda síldveiðar, sé tryggður eins og framast er hægt, ekki einasta yfir vetrar- mánuðina, heldur einnig aðra tíma árs, en það verður ekki gert með handfæra-, línu- og dragnótaveiðum eingöngu. Þetta er ekki einasta hagsmunamál sjómanna og útgerðarmanna, heldur og ekki síður þess mikla fjölda verkafólks, sem við fiskiðnaðinn vinnur. Í mörgum byggðarlögum við sjávarsíðuna eru fiskvinnslustöðv- arnar nær einustu atvinnufyrirtækin. Verði samdráttur í hráfnisöflun til þeirra, þýðir það minnkandi atvinnu, og lokun þeirra einhvern hluta árs, að heita má algert atvinnuleysi.

Umsagnir fiskifræðinga um togveiðar liggja fyrir í prentuðum þingskjölum, og þarf ekki að rekja þær hér. Eru þær undantekningarlaust á þann veg, að togveiðar út af fyrir sig með þeirri möskvastærð, sem nú er ákveðin, séu fiskstofnunum ekkert hættulegri en sum veiðarfæri önnur, sem notuð eru. Hlýtur þetta að vera Alþingi nokkur leiðbeining og gefa því betra svigrúm til þess að gera sér grein fyrir, á hvern hátt hin ýmsu veiðisvæði innan fiskveiðilandhelginnar verði bezt og arðvænlegast nytjuð, og hljóta þar mjög að koma til álits auknar heimildir frá því, sem nú er, til botnvörpuveiða innan fiskveiðilandhelginnar.